

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2017

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt), 289. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt), 289. mál.

BSRB styður markmið þessa máls en vill jafnframt minna á að gætt sé að samráðsskyldu við bandalög opinberra starfsmanna vegna breytinga á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga), sbr. 52. gr. Þar segir:

*„Við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum, annarra en verklagsreglna, svo og við endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma.“*

Ekki verður séð að mikil breyting verði á réttaráhrifum gangi tillagan eftir enda eru stjórnvöld bundin af jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnarsýsluréttar sem felur í sér að umrædd regla starfsmannalaga er ekki sú eina sem líta þarf til við töku ákvörðunar um veitingu starfs. Hins vegar verður að taka undir að betur færi á að reglan væri felld brott eða orðalagið uppfært.

Tillagan hefur engin áhrif á þá reglu að allir útlendir umsækjendur sem koma annar staðar frá en Evrópska efnahagssvæðinu, EFTA-rikjunum eða Færeyjum, verði eftir sem áður að hafa atvinnuleyfi til að sinna starfinu, sbr. 7. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Meginreglan samkvæmt lögunum er að heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltu því skilyrði að starfsfólk fái hvorki á innlendum vinnumarkaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyja. Ákveðnar undantekningar eru frá þeirri meginreglu en núgildandi lagaumhverfi felur í sér að á verulega brattan er að sækja fyrir útlendinga utan ESB, EFTA og Færeyja að fá atvinnuleyfi hér á landi. Þá hefur tillagan engin áhrif á þá reglu að allir embættismenn skuli hafa íslenskan ríkisborgararétt þar sem kveðið er á um þá skyldu í 20. gr. stjórnarskrárinnar.

Vegna orðalags greinargerðar er rétt að vekja athygli á að tillagan nær ekki til allra opinberra starfa (hið opinbera eru ríki og sveitarfélög) heldur eingöngu starfa hjá ríkinu, sbr. gildissvið laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt framansögðu telur bandalagið umrædda tillögu, til breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fela í sér stefnuyfirlýsingu fremur en breytingu sem tekur til efnislegra réttinda útlendinga til aðgangs að störfum hjá ríkinu.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri